

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness, miðvikudaginn 24. apríl 2013, í máli nr. S-596/2012:

Ákærvaldið

(Ásmunda Björg Baldursdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Matthildi Ingvarsdóttur

(Ásmundur G. Vilhjálmsson hdl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð 20. mars sl., er höfðað með ákæru sérstaks saksónara, útgefinni 13. júlí 2012, á hendur Matthildi Ingvarsdóttur, kt. 000000-0000, Urðarhæð 9, Garðabæ

„**Aðalkrafa:** fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum, með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2006, 2007, 2008 og 2009 vegna tekjuáranna 2005, 2006, 2007 og 2008, með því að hafa látið undir höfuð leggjast að telja fram á skattframtölum sínum vegna fyrrgreindra ára tekjur frá félagi hennar, Miko Valley Ltd., á Bahamaeyjum, í formi greiðslna á úttektum hennar af erlendu greiðslukorti, sem skattskyldar eru skv. 9. tl. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. einnig 19. og 21. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaganna, en með þessu vanframtaldi ákærða tekju- og útsvarsstofn sinn samtals að fjárhæð kr. 29.078.788, sem henni bar að greiða af tekjuskatt og útsvar samtals að fjárhæð kr. 9.030.350, sem sundurliðast sem hér að neðan greinir, og með því að hafa látið undir höfuð leggjast að telja fram á skattframtölum sínum vegna fyrrgreindra ára erlendar vaxtatekjur af bankareikningi ákærðu í Jersey sem skattskyldar eru skv. 3. tl. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt en með þessu vanframtaldi ákærða fjármagnstekjuskattstofn sinn um samtals kr. 136.041, sem henni bar að greiða af fjármagnstekjuskatt samtals að fjárhæð kr. 13.605, sem sundurliðast sem hér greinir:

Gjaldárið 2006:

Tekju- og útskattur:

Vanframtaldar erlendar greiðslur:

kr. 6.669.479

Tekjuskattur, skattprósenta 24,75%	kr. 1.650.696
Útsvar, útsvarsprósenta 12,46%	kr. 831.017
Sérstakur tekjuskattur 2%	kr. 84.472
Persónuafsláttur	kr. -339.846

Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals: kr. 2.226.339

Fjármagnstekjur:

Vanframtaldar fjármagnstekjur kr. 26.807

Vangreiddur fjármagnstekjuskattur, skattprósenta 10% kr. 2.681

Gjaldárið 2007:

Tekju- og útskattur:

Vanframtaldar erlendar greiðslur: kr. 5.624.563

Tekjuskattur, skattprósenta 23,75% kr. 1.335.834

Útsvar, útsvarsprósenta 12,46% kr. 700.821

Persónuafsláttur kr. -348.343

Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals: kr. 1.688.312

Fjármagnstekjur:

Vanframtaldar fjármagnstekjur kr. 30.290

Vangreiddur fjármagnstekjuskattur, skattprósenta 10% kr. 3.029

Gjaldárið 2008:

Tekju- og útskattur:

Vanframtaldar erlendar greiðslur: kr. 5.876.591

Tekjuskattur, skattprósenta 22,75% kr. 1.336.924

Útsvar, útsvarsprósenta 12,46% kr. 732.223

Persónuafsláttur kr. -385.800

Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals: kr. 1.683.347

Fjármagnstekjur:

Vanframtaldar fjármagnstekjur kr. 40.066

Vangreiddur fjármagnstekjuskattur, skattprósenta 10% kr. 4.007

Gjaldárið 2009:

Tekju- og útskattur:

Vanframtaldar erlendar greiðslur: kr.10.908.155

Tekjuskattur, skattprósenta 22,75% kr. 2.481.605

Útsvar, útsvarsprósenta 12,46% kr. 1.359.156

Persónuafsláttur kr. -408.409

Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals: kr. 3.432.352

Fjármagnstekjur:

Vanframtaldar fjármagnstekjur kr. 38.878

Vangreiddur fjármagnstekjuskattur, skattprósenta 10% kr. 3.888

Samtals vangreiddur tekjuskattur og útsvar: kr. 9.030.350

Samtals vangreiddur fjármagnstekjuskattur: kr. 13.605

Varakrafa: fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum, með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2006, 2007, 2008 og 2009 vegna tekjuáranna 2005, 2006, 2007 og 2008, með því að hafa látið undir höfuð leggjast að telja fram á skattframtölum sínum vegna fyrrgreindra ára arðgreiðslur frá erlendu félagi hennar, Miko Valley Ltd. sem skattskyldar eru skv. 4. tl. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, og með því að hafa látið undir höfuð leggjast að telja fram á skattframtölum sínum vegna fyrrgreindra ára erlendar vaxtatekjur sem skattskyldar eru skv. 3. tl. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt en með þessu vanframtaldi Matthildur fjármagnstekjuskattstofn sinn um samtals kr. 29.214.829, sem henni bar að greiða af fjármagnstekjuskatt samtals að fjárhæð kr. 2.921.483, sem sundurliðast sem hér greinir:

Gjaldárið 2006:

Fjármagnstekjur:

Vanframtaldar fjármagnstekjur kr. 6.696.286

Vangreiddur fjármagnstekjuskattur, skattprósenta 10% kr. 669.629

Gjaldárið 2007:

Fjármagnstekjur:

Vanframtaldar fjármagnstekjur kr. 5.654.853

Vangreiddur fjármagnstekjuskattur, skattprósenta 10% kr. 565.485

Gjaldárið 2008:

Fjármagnstekjur:

Vanframtaldar fjármagnstekjur kr. 5.916.657

Vangreiddur fjármagnstekjuskattur, skattprósenta 10% kr. 591.666

Gjaldárið 2009:

Fjármagnstekjur:

Vanframtaldar fjármagnstekjur kr. 10.947.033

Vangreiddur fjármagnstekjuskattur, skattprósenta 10% kr. 1.094.703

Samtals vangreiddur fjármagnstekjuskattur: kr. 2.921.483

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í þinghaldi 29. nóvember 2012 var af hálfu ákærvalds fallið frá aðalkröfu í ákæru.

Af hálfu ákærðu er aðallega krafist sýknu. Til vara krefst ákærða þess að henni verði að hámarki gerð sektarrefsing að fjárhæð 3.000.000 kr. Til þrautavara krefst ákærða þess að henni verði að hámarki gerð þriggja mánaða fangelsisrefsing sem fullnustu á verði frestað með vísan til 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og sektarrefsing að fjárhæð 6.000.000 kr. Þá krefst ákærða málskostnaðar að mati dómsins, óháð niðurstöðu málsins, en til vara að lögmanni hennar verði ákveðin þóknun með hliðsjón af umfangi málsins, fjölda þinghalda o.fl. í frávísunar- og refsipætti málsins.

II

Aðdragandi málsins er sá að hinn 19. mars 2009 sendi ríkisskattstjóri ákærðu fyrirspurnarbréf þar sem óskað var eftir skýringum og upplýsingum um viðskipti hennar með erlend greiðslukort og einnig hvornig uppgjöri þess væri háttað. Einnig var lagt fyrir ákærðu að leggja fram upplýsingar um erlendar bankainnistæður sínar og viðeigandi gögn. Þar sem hvorki skattskil ákærðu né svör hennar við fyrirspurn ríkisskattstjóra þóttu fullnægjandi tilkynnti ríkisskattstjóri ákærðu 27. mars 2009 að mál hennar yrði sent skattrannsóknarstjóra, meðal annars með vísan til 1. tl. 8. gr., sbr. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 373/2001. Ákærða sendi ríkisskattstjóra svar með bréfi 17. apríl 2009 þar sem upplýst var um það eitt að erlent greiðslukort hennar væri tilkomið vegna sambúðarslita hennar við fyrrum sambýlismann sinn og að kortið væri tengt bankareikningi hans.

Skattrannsóknarstjóri vísaði málinu til ríkislögreglustjóra 2. október 2009 og var gerð húsléit á heimili ákærðu 3. nóvember 2009. Hinn 9. nóvember 2009 var ákærða yfirheyrð sem sakborningur hjá ríkislögreglustjóra. Eftir að ákærðu hafði verið kynnt gögn vegna notkunar á erlendu kreditkorti hennar kom fram hjá henni að fyrrverandi sambýlismaður hennar hefði greitt af kortinu. Ákærða upplýsti ekki frekar um erlendar tekjur, erlend félög eða erlendar bankainnistæður sínar. Hinn 24. nóvember 2009 vísaði ríkislögreglustjórinn máli ákærðu aftur til skattrannsóknarstjóra til frekari rannsóknar. Í kjölfarið sendi skattrannsóknarstjóri hinn 17. febrúar 2010 ákærðu formlega tilkynningu um rannsókn þar sem enn var óskað eftir að ákærða legði fram viðeigandi gögn og upplýsingar. Því fyrirspurnarbréfi svaraði verjandi ákærðu með bréfi 31. mars 2010 þar sem upplýst var um hinar vanframtöldu tekjur ákærðu.

Ákærðu var tilkynnt um lok rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins með bréfi 17. desember 2010. Þar var einnig tilkynnt um fyrirhugaða ákvörðunartöku skattrannsóknarstjóra um refsimeðferð.

Samkvæmt skýrslu skattrannsóknarstjóra, dags. 17. desember 2010, skilaði ákærða efnislega röngum skattframtölum fyrir tekjuárin 2005 til og með 2008, auk þess sem eign ákærðu í erlendu félagi ákærðu, Miko Valley Ltd. var vanframtalin, greiðslur til skattaðila frá Miko Valley Ltd. voru vanframtaldar um 29.078.788 kr. og erlendar vaxtatekjur ákærðu voru vanframtaldar um 136.042 kr.

Með bréfi 14. nóvember 2011 var ákærðu tilkynnt að málinu hefði verið vísað til rannsóknar hjá lögreglu og að forræði málsins og allar ákvarðanir um áframhaldandi refsimeðferð yrðu hér eftir í höndum sérstaks saksóknara. Tekin var skýrsla af ákærðu hjá embætti sérstaks saksóknara 26. apríl 2012 og var ákæra gefin út í málinu 13. júlí 2012.

Málið var þingfest 5. september 2012 og lýsti ákærða því yfir að hún neitaði sök í málinu. Að beiðni ákærðu var málinu frestað til 29. nóvember 2012 eða þar til úrskurður yfirséðanefndar í málinu lægi fyrir. Er málið var tekið fyrir þann dag upplýsti sækjandi að úrskurður yfirséðanefndar í máli ákærðu hefði fallið 17. október 2012 og að af því tilefni væri fallið frá aðalkröfu í ákæru. Að svo búnu óskaði verjandi eftir því að skila greinargerð í málinu og var málinu frestað í því skyni til 12. desember 2012. Þann dag lagði verjandi fram greinargerð og gögn af hálfu ákærðu en í greinargerðinni var sett fram frávísunarkrafa. Í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness um frávísunarkröfuna, nr. S-596/2012, þann 6. febrúar 2013, var frávísun hafnað og fór því aðalmeðferð um varakröfu ákæruvaldsins fram þann 20. mars 2013.

Í greinargerð ákærðu er málavöxtum lýst svo að hinn 17. febrúar hafi skattrannsóknarstjóri hafið rannsókn á skattskilum ákærðu á fjármagnstekjum vegna ára 2005 til og með 2008. Hafi tilefnið verið notkun hennar á VISA-korti útgefna af erlendum banka. Ákærða hafi strax játað að hafa vantalið hinar umræddu tekjur. Jafnframt hafi hún óskað eftir því að málinu yrði flýtt eins og kostur væri svo greiða mætti viðbótarskattana eins fljótt og auðið væri. Samkvæmt skýrslu skattrannsóknarstjóra frá 17. desember 2010 hafi enginn ágreiningur verið um fjárhæð hinna vanframtöldu tekna. Í framhaldi hafi málið verið sent til ríkisskattstjóra til endurákvörðunar á sköttum ákærðu. Við þá endurákvörðun hafi ríkisskattstjóri ákveðið að beita lagaákvæði sem engin fordæmi séu til um að beitt hafi verið í hliðstæðu tilfelli.

Þá segir í greinargerðinni að ákærða sé venjuleg, íslensk húsmóðir sem fengið hafi arf eftir foreldra sína fyrir nokkrum árum og hafi féð verið lagt inn í banka erlendis. Við upphæðina hafi bæst skuld sem grískur, fyrrum sambýlismaður hennar, hafi gert upp við hana vegna sambúðarslita þeirra. Á árunum 2005-2008 hafi ákærða tekið út peninga af þessum reikningi sem þá hefðu verið fluttir yfir til einkahlutafélags að nafni Miko Valley. Í tengslum við það hafi ákærða leitað sér upplýsinga hjá virtum bankalögfræðingum um eðli úttektarinnar og skattskyldu. Hafi þeir tjáð henni að þar sem um væri að ræða eyðslu höfuðstóls þyrfti hún hvorki að hafa áhyggjur af framtali né skattskyldu úttektarinnar.

Síðan segir í greinargerðinni: „Ákærða taldi sig því gera rétt með því að sleppa framtali teknanna. Er því varla unnt að segja að ákærða hafi vanframtalið tekjurnar af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Sakarskilyrði 109. gr. laga nr. 90/2009 um tekjuskatt eru því tæplega fyrir hendi.“

Ákærða byggir sýknukröfu sína m.a. á því að hún hafi ekki notið réttlátrar málsmeðferðar og ekki fengið sömu meðferð og aðrir í sömu stöðu. Það sé brot á jafnræðisreglu stjórnarskrár. Í greinargerð ákærðu kemur fram að ákærða hafi aflað sér upplýsinga hjá Skattrannsóknarstjóra ríkisins um það eftir hverju farið sé þegar refsimeðferð skattamála sé ákveðin. Samkvæmt því sem henni hafi verið tjáð sé

m.a. horft til fjárhæða og sé þá miðað við að málið fari í opinbera rannsókn sé vanframtalinn skattur sjö milljónir eða hærri. Sé vanframtalinn skattur sjö milljónir eða lægri en útreiknuð sekt yfir sex milljónum fari málið til yfirskattanefndar. Samkvæmt varakröfu ákærvaldsins sé vanframtalinn skattur ákærðu tæpar þrjár milljónir og því hefði mál hennar, samkvæmt framangreindu, átt að fara í meðferð hjá yfirskattanefnd en ekki í ákærumeðferð.

Samkvæmt gögnum málsins hafi skattrannsóknarstjóri lokið skýrslu sinni 17. desember 2010. Ákærða hafi upplýst um hinar vantölu tekjur í bréfi til embættisins 31. mars 2010 og óskað eftir endurálagningu á opinberum gjöldum sínum við fyrsta tækifæri. Sú beiðni hafi verið ítrekuð í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra dags. 8. júní 2010, sbr. Hefti 1 í skýrslu Skattrannsóknarstjóra ríkisins. Þannig hafi ákærða strax í upphafi greint skilmerkilega frá öllum atvikum máls, játað brot sitt skýlaust og boðist til að standa skil á hinum undandregnu sköttum við fyrsta tækifæri.

Þá hafi málið og dráttur á afgreiðslu þess af hálfu rannsóknaraðila hafa valdið ákærðu mikilli vanlíðan og kvíða en málið hafi verið fullrannsakað 17. desember 2010. Hún sé nú 75% öryrki en hafi verið við sæmilega heilsu 2009. Málið hafi verið sent ríkisskattstjóra til endurákvörðunar á opinberum gjöldum skattaðila í upphafi árs 2011 og hafi endurákvörðun legið fyrir átta mánuðum síðar. Undir rekstri málsins hafi ákærða sagst tilbúin að greiða 10% fjármagnstekjuskatt af hinum vanframtölu tekjum við fyrsta tækifæri. Við endurákvörðun á sköttum ákærðu hafi ríkisskattstjóri hins vegar ákveðið að byggja á ákvæði sem aldrei áður hafði verið lagt til grundvallar í hliðstæðum málum. Fyrir vikið hafi endurávarðaðir skattar hennar orðið þrefalt hærri en reiknað hafi verið með og hafi ákærða greitt þá upphæð strax. Þar sem ákærða hafi talið endurákvörðunina ranga hafi hún neyðst til að áfrýja henni til yfirskattanefndar og hafi það tafið málið um eitt ár. Fyrir vikið telji ákærða eðlilegt og sanngjarnt að sektarrefsing skv. 1. mgr. 109. gr. lag nr. 90/2003 um tekjuskatt verði færð niður úr því lágmarki sem þar greinir. Það sé hlutverk dómstóla að hafa eftirlit með því að stjórnvöld fari með vald sitt í samræmi við lög og að jafnræðis sé gætt. Í raun séu stjórnvöld að valda ákærðu óþarfa kostnaði.

III

Ákærða gaf skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Ákærða staðfesti framlögð skattframtöl frá gjaldárunum 2006, 2007, 2008 og 2009. Ákærða staðfesti og framburð sinn í lögregluskýrslu hinn 26. apríl 2012 og gerði ekki athugasemdir við greiðslukortayfirlit sem fyrir hana var lagt. Ákærða kvað greiðslukortið vera í sinni eigu og hafa verið notað til þeirra úttekta sem málið varða.

Ákærða kvað endurskoðanda sinn hafa annast gerð áðurgreindra skattframtala. Hún kvað föður sinn hafa stofnað hið erlenda félag, Miko Valley Ltd., og, en síðan hafi hún og fyrrum eiginmaður hennar notað félagið. Kvaðst hún vera eini eigandi félagsins. Hún sagði að endurskoðandi hennar hefði ekki vitað af hinu erlenda félagi, Miko Valley Ltd. Spurð hvers vegna hún hafi vantalið arðgreiðslur og vaxtatekjur frá félaginu á skattframtölum gjaldárin 2006, 2007, 2008 og 2009 kvaðst ákærða hafa fengið þær leiðbeiningar hjá ráðgjöfum hérlendra banka að hún

þyrfti ekki að gefa úttektir þessar upp þar sem greitt væri af þeim erlendis. Kvaðst ákærða hafa treyst þeirri ráðgjöf. Fram kom í framburði ákærðu að rannsókn málsins hefði tekið mjög á hana. Rannsóknin hefði staðið yfir frá því í mars 2009 eða í fjögur ár og hefði haft alvarleg áhrif á heilsufar hennar.

IV.

Í máli þessu er ákærðu gefið að sök meiriháttar brot gegn skattalögum, með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2006, 2007, 2008 og 2009, vegna tekjuáranna 2006, 2006, 2007 og 2008, með því að hafa látið undir höfuð leggjast að telja fram á skattframtölum sínum vegna fyrrgreindra ára arðgreiðslur frá erlendu félagi sínu, Miko Valley Ltd. sem skattskyldar eru skv. 4. tl. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, og með því að hafa látið undir höfuð leggjast að telja fram á skattframtölum sínum vegna fyrrgreindra ára erlendar vaxtatekjur sem skattskyldar eru skv. 3. tl. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt en með þessu hafi ákærða vanframtalið fjármagnstekjuskattstofn sinn um samtals 29.214.829 krónur, sem henni hafi borið að greiða af fjármagnstekjuskatt, samtals að fjárhæð 2.921.483 krónur.

Ákærða viðurkenndi fyrir dóminum að hafa látið undir höfuð leggjast að telja fram á skattframtölum sínum vegna fyrrgreindra ára arðgreiðslur frá hinu erlenda félagi sínu, Miko Valley Ltd., sem og erlendar vaxtatekjur. Gerði ákærða engar athugasemdir við þær fjárhæðir sem byggt er á í ákærinni. Kvaðst hún hafa fengið þær leiðbeiningar hjá ráðgjöfum hérlendis að hún þyrfti ekki að gefa þessar tekjur upp þar sem greitt væri af þeim erlendis og sagðist ákærða hafa treyst þeirri ráðgjöf. Þá kvað hún endurskoðanda sinn hafa annast gerð skattframtala sinn og að hann hefði ekki vitað af hinu erlenda félagi.

Vanþekking ákærðu á að umræddar tekjur teldust til skattskyldra fjármagnstekna hér á landi valda ekki refsileysi. Þótt ákærða hafi falið kunnáttumanni að annast gerð skattframtals fyrir sig leysir það hana heldur ekki undan ábyrgð á skattskilum sínum, enda hvílir framtalsskyldan á henni sjálfri, sbr. 2. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003, sbr. einnig dóm Hæstaréttar frá 7. febrúar 2013 í máli nr. 74/2012. Þau skilyrði refsinaemis eru tiltekin í 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 að rangt eða villandi sé talið fram vegna ásetnings eða stórfellds hirðuleysis framteljanda. Skilyrði 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eru með sama hætti ásetningur eða stórfellt gáleysi.

Ákærðu bar að sjá til þess að fullnægjandi gögn lægju fyrir við gerð fyrrgreindra skattframtala. Verður að leggja til grundvallar að það hafi verið stórkostlegt hirðuleysi af hálfu ákærðu að gera ekki grein fyrir hinum erlendu fjármagnstekjum á skattframtölum sínum, en ákærða upplýsti ekki um hinar vanframtölu fjármagnstekjur fyrr en ári eftir að rannsókn hófst og húsleit hafði verið gerð á heimili hennar. Áður hafði ákærða gefið misvísandi upplýsingar um atvik máls.

Samkvæmt 145. gr. laga nr. 88/2008 skal ákærandi er hann hefur fengið gögn máls í hendur, ganga úr skugga um að rannsókn þess sé lokið. Telji hann þess þörf óskar hann eftir frekari rannsókn málsins en tekur ella ákvörðun um hvort sækja skuli sakborning til sakar. Við þá ákvörðun ber að gæta jafnræðis svo sem ótvírætt leiðir

af reglu 142. gr. laganna. Ákvörðun ákæranda, sem að framan greinir, er hluti af meðferð hans á valdheimildum sem honum eru fengnar að lögum. Sú ákvörðun getur eðli sínu samkvæmt ekki sætt endurskoðun dómstóla við úrlausn þessa máls, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar 3. mars 2011 í máli nr. 71/2010 og dóm Hæstaréttar 7. febrúar 2013 í máli nr. 74/2010. Verður því hafnað röksemdum ákærðu um að ætlað brot á jafnræðisreglu eigi að leiða til sýknu eða hafa áhrif á ákvörðun refsingar. Verður heldur ekki talið að dráttur á rannsókn málsins hafi verið með þeim hætti að áhrif hafi á ákvörðun refsingar, enda var ákærða ekki að öllu leyti samvinnufús við rannsókn málsins og þurfti meðal annars að gera húsleit hjá ákærðu, þar sem gögn fengust ekki með öðru móti.

Dómurinn telur þannig sannað með framburði ákærðu, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að ákærða hafi haft í frammi þá háttsemi, sem greinir í varakröfu ákæru. Með hliðsjón af því að að um verulegar fjárhæðir var að tefla og ákærða rangfærði skattframtöl sín um árabíl teljast brot hennar stórfelld. Er háttsemi ákærðu því réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákærinni.

Ákærða hefur ekki áður sætt refsingu.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði, sem bundin skal skilorði eins og í dómsorði greinir. Þá er ákærðu gert að greiða 8.800.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja að viðlagðri vararefsingu eins og í dómsorði greinir.

Ákærða greiði í sakarkostnað málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásmundar G. Vilhjálmssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 313.750 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kveður upp Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari. Uppkvaðning dómsins hefur dregist lítilliga vegna embættisanna dómara.

Dómsorð:

Ákærða, Matthildur Ingvarsdóttir, sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði 8.800.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella fangelsi í fimm mánuði.

Ákærða greiði í sakarkostnað málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásmundar G. Vilhjálmssonar hdl., 313.750 krónur.

Ragnheiður Bragadóttir

